

arðfræðipjónusta Hauks Jóhannessonar ehf.

Borholur í Tálknafjarðarhreppi II (4604)

Norðurbotn og Höfðadalur



Haukur Jóhannesson

Unnið fyrir Orkustofnun

Greinargerð JHJ-2013/040

Nóvember 2013

Inngangur

Í þessari greinargerð er fjallað um borholur í landi tveggja jarða, Norðurbotns og Höfðadals. Auk þess er bætt við þremur nýlega boruðum holum, ein í Tungu, ein í Litla-Laugardal og ein í Stóra-Laugardal sem ekki var búið að bora þegar fyrri greinargerð var skrifuð (Haukur Jóhannesson 2011). Síðan síðast var farið um svæðið hafa verið boraðar tvær til viðbótar í Stóra-Laugardal og tvær í Norðurbotni. Um þær verður ekki fjallað hér. Hjallatún sem í borholuskránni er talin sérstakt lögbýli hefur og er enn talið vera hluti af Norðurbotni. Búðeyri er úr landi Höfðadals. Í 1. töflu eru upplýsingar um holurnar og á 1. til 4. mynd eru staðsetningar holnanna sýndar.

1. tafla. Upplýsingar um borholur í Tálknafjarðarhreppi.

| Staðar-númer | Borhola | Lögbýli | Dýpi | Borár | N-hnit | V-hnit |
|--------------|---------|--------------------------|-------|-----------|------------|------------|
| 37194 | SL-04 | Stóri-Laugardalur | ? | 2013 | 65° 39.577 | 23° 55.618 |
| 37166 | LL-06 | Litli-Laugardalur | 1602 | 2013 | 65° 38.891 | 23° 53.713 |
| 37264 | TT-04 | Tunga | ? | 2013 | 65° 37.587 | 23° 49.436 |
| 37151 | HT-01 | Norðurbotn/ Hjallatún | 329 | 1988 | 65° 36.192 | 23° 46.613 |
| 37152 | HT-02 | Norðurbotn/ Hjallatún | 369 | 1989 | 65° 36.096 | 23° 46.744 |
| 37153 | HT-03 | Norðurbotn/ Hjallatún | 329 | 1989-1990 | 65° 36.216 | 23° 46.671 |
| 37154 | HT-04 | Norðurbotn/ Hjallatún | 107 | 1992 | 65° 35.818 | 23° 46.499 |
| 37181 | NB-01 | Norðurbotn | 19 | 1987 | 65° 35.720 | 23° 46.634 |
| 37171 | NB-02 | Norðurbotn | 122,3 | 1987 | 65° 35.691 | 23° 46.561 |
| 37182 | NB-03 | Norðurbotn | 462 | 1988 | 65° 35.571 | 23° 46.129 |
| 37183 | NB-04 | Norðurbotn | 448 | 1989 | 65° 35.042 | 23° 44.325 |
| 37184 | NB-05 | Norðurbotn | 264,5 | 1989 | 6° 35.049 | 23° 44.378 |
| 37185 | NB-06 | Norðurbotn | 486 | 1989 | 65° 35.034 | 23° 44.247 |
| 37186 | NB-07 | Norðurbotn | 350,5 | 1989 | 65° 35.031 | 23° 44.176 |


| | | | | | | |
|-------|-------|------------|------|------|------------|------------|
| 37187 | NB-08 | Norðurbotn | 259 | 1989 | 65° 35.053 | 23° 44.382 |
| 37281 | NB-09 | Norðurbotn | 140 | 1992 | 65° 35.451 | 23° 46.812 |
| 37201 | HD-01 | Höfðadalur | 101 | 1992 | 65° 36.324 | 23° 49.191 |
| 37202 | HD-02 | Höfðadalur | 93,5 | 1992 | 65° 36.368 | 23° 49.270 |
| 37101 | BE-01 | Höfðadalur | 82 | 1986 | 65° 36.740 | 23 49.253 |
| 37271 | RR-01 | Norðurbotn | 15 | 1991 | 65° 36.226 | 23° 46.444 |




1. mynd. Staðsetning borholna í Tálknafirði.



2. mynd. Staðsetning borholna innst í Tálknafirði.



3. mynd. Staðsetning borholna í landi Norðurbotns.



4. mynd. Staðsetning borholna við Reykjagil í landi Norðurbotns.

SL-04 - Stóri-Laugardalur

Borhola SL-04 er um 800 metra utan við Laugardalsá. Hún er neðan við þjóðveginn og ofan við fiskeldisaðstöðina sem þar er. Holan var boruð til að ná köldu vatni en hún er mjög treg. Eins og er þá er hún opin (5. mynd).



5. mynd. Borhola SL-04 í Stóra-Laugardal.

LL-06 - Litli-Laugardalur

Borhola LL-06 í Litla-Laugardal er neðan við þjóðveginn skammt innan við heita pottinn sem þar er fyrir ofan. Stór borteigur er í kringum holuna og frágangur er góður (6. mynd).



6. mynd. Borhola LL-06 í Litla-Laugardal.

TT-04 - Tunga

Borhola TT-04 er um 10-15 metrum utan við borholu TT-03 og skammt utan við frystihúsið og neðan við veginn gegnum þorpið. Holan er með plastloki en volgt vatn streymir undan því. Að öðru leyti er ástand hennar gott (7. mynd).



7. mynd. Borhola TT-04 í Tungu.

HT-01 - Norðurbotn

Eftir Keldeyrardal fellur á og innan við hana er bungumyndaður rani neðan þjóðvegarins. Um 150 metra neðan við spennustöð Orkubúsins og á miðri bungunni er borhola HT-01. Hún er í miðri gryfju sem þar er. Holan er opin en í þokkalegu ástandi (8. mynd).



8. mynd. Borhola HT-01.

HT-02 - Norðurbotn

Borhola HT-02 er um 140 metra innan við ársinn þar sem áin af Keldeyrardal fellur til sjávar. Holan er efst í fjörunni og rétt innan við fiskeldistjarnir sem eru þar. Holan er opin en annars í þokkalegu ástandi (9. mynd).



9. mynd. Borhola HT-02.

HT-03 - Norðurbotn

Um 70 metra norðvestur af holu HT-01 og niður í gilinu við ána sem fellur eftir Keldeyrardal er borhola HT-03. Holan er þar í brekkufætinum. Hún er opin og illa farin (10. mynd).



10. mynd. Borhola HT-03.

HT-04 - Norðurbotn

Borhola HT-04 er um 150 m suður af Hjallatúni og nokkra metra ofan við Þjóðveginn. Holan sést illa og er opin og í slæmu ástandi (11. mynd).



11. mynd. Borhola HT-04. Hjallatún er efst til hægri.

NB-01 - Norðurbotn

Borhola NB-01 er um 80 metra suðvestur af fiskeldisstöðinni í Norðurbotni. Holan er á garði milli tveggja eldistjarna. Hún er tengd og vatnið notað í eldishúsi. Ástand hennar er gott (12. mynd).



12. mynd. Borhola NB-01. Fiskeldisstöðin í Norðurbotni í baksýn.

NB-02 - Norðurbotn

Borhola NB-02 er um 120 metrum suður af fiskeldisstöðinni í Norðurbotni. Holan er í vegbrún við innri enda eldistjarnar. Í holunni er dæla og vatnið notað í eldishús. Yfir henni er fiskikar úr plasti (13. mynd).



13. mynd. Borhola NB-02 í Norðurbotni. Fiskeldisstöðin er vinstra megin á myndinni.

NB-03 - Norðurbotn

Borhola NB-03 er um 500 metra suðaustur af fiskeldisstöðinni. Hún er þar í hlíðarfætinum og er plan í kringum hana. Holan er tengd og í þokkalegu ástandi. Vatnið er notað í fiskeldið í Norðurbotni (14. mynd).



14. mynd. Borhola NB-03 í Norðurbotni.

NB-04 - Norðurbotn

Borhola NB-04 er á suðurbakka Reykjagils. Þar eru fimm holur á um 160 metra kafla. Hóla NB-04 er í miðið af þeim. Hún er skammt frá gilþröminni. Holan hefur um tíma verið tengd lögn sem lá að fiskeldisstöðinni í Norðurbotni en er nú ótengd. Nú er hún með hnúi og vatn streymir gegnum það. Ástand holunnar er bággt (15. mynd).



15. mynd. Borhola NB-04 við Reykjagil.

NB-05 - Norðurbotn

Borhola NB-05 er 50 metrum utar en hola NB-04. Frágangur er svipaður og í holu NB-04 en hún er lokuð og grennra rör er upp af henni og úr því slanga sem vatn streymir eftir. Ekki er að sjá að holan hafi nokkurn tíma verið tengd. Ástand holunnar er heldur bágborið (16. mynd).



16. mynd. Borhola NB-05.

NB-06 - Norðurbotn

Borhola NB-06 er um 60 metra innan við NB-04. Hún er aðeins nokkra metra frá gilþröminni. Holan er tengd lögninni niður í Norðurbotn. Ástand holunnar er heldur bágborið (17. mynd).



17. mynd. Borhola NB-06

NB-07 - Norðurbotn

Borhola NB-07 er innsta holan við Reykjagil og er um 50 metrum innar en hola NB-06. Holan er aðeins um tvo metra frá gilbrúninni. Holan er tengd lögninni niður í Norðurbotn en ástand holunnar er heldur bággt (18. mynd).



18. mynd. Borhola NB-07.

NB-08 - Norðurbotn

Borhola NB-08 er ysta holan við Reykjagil. Hún er um 4-5 metra frá gilbrúninni. Holan er tengd en ástand hennar er annars heldur slakt (19. mynd).



19. mynd. Borhola NB-08.

NB-09 - Norðurbotn

Borhola NB-09 er ofan við beygjuna á þjóðveginum þar sem hann fer upp frá Norðurbotni og í áttina að Mikladal. Holan er um 10 metra ofan vegar. Hún er tengd og vatnið leitt í fiskeldið í Norðurbotni. Holan var boruð til að afla kalds vatns. Holan er í sæmilegu ástandi (20. mynd).



20. mynd. Borhola NB-09.

RR-01 - Norðurbotn

Borhola RR-01 er skauthola sem boruð var nærri spennistöð Orkubús Vestfjarðar skammt norður af Hjallatúni (21. mynd).



21. mynd. Borhola RR-01 er nærri spennistöðinni.

HD-01 - Höfðadalur

Borhola HD-01 er um 70 metra utan við Höfaðdalsá og um 10 metra ofan við veginn út að Suðureyri. Holan er tengd og er í góðu ástandi (22. mynd).



22. mynd. Borhola HD-01.

HD-02 - Höfðadalur

Borhola HD-02 er um 50 metra utan við Höfadalsá og rétt ofan við veginn út að Suðureyri. Holan er tengd og er í góðu ástandi (23. mynd).



23. mynd. Borhola HDB-02.

BE-01 - Höfðadalur

Borhola BE-01 er skammt innan við Búðeyri. Þar er fiskeldisstöð sem ekki er í rekstri. Holan er undir klettapili bak við stöðina. Holan hefur verið tengd á sínum tíma. Ástand hennar er þolanlegt (24. og 25. mynd).



24. mynd. Borhola BE-01



25. mynd. Borhola BE-01.

Heimild

Haukur Jóhannesson 2011. Borholur í Tálknafjarðarhreppi I (4604). Greinargerð JHJ-2011/39. 48 bls.